

**157. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Frístundamiðstöðinni  
Garðavelli,  
23. júní 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

KHS, EB, ÍOK og SH sátu fundinn á Garðavöllum. APÞ, SK og LJ sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2103321 - Húsnæðisúrræði- íbúðarhúsnæði fyrir fatlað fólk - Ióð**

Uppbygging og staðsetning á þjónustukjarna fyrir fatlað fólk.

*Sverrir Hermann Pálmarsson frá SHP consulting ehf. sat fundinn undir þessu máli. Sverrir er verkefnastjóri Leigufélags aldraðra sem hefur fengið stofnframlag í samstarfi við Akraneskaupstaðar um byggingu á þjónustukjarna fyrir fatlað fólk. Farið var yfir tillögur að staðsetningu á húsnæði og teikningu á húsnæði.*

**2. 2105094 - Reglur Akraneskaupstaðar um stuðningsfjölskyldur**

Drög að reglum um stuðningsfjölskyldur hefur verið vísað til umsagnar hjá Notendaráði. Notendaráð gerir engar athugasemdir við fyrirbyggjandi drög af reglum Akraneskaupstaðar um stuðningsfjölskyldur.

*Kristinn Hallur Sveinsson formaður sat ekki fundinn undir þessu máli. Ívar Orri Kristjánsson varamaður tók sæti á fundinum undir þessu máli.*

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að reglum Akraneskaupstaðar um stuðningsfjölskyldur og vísar þeim til afgreiðslu hjá bæjarstjórn.*

**3. 2105209 - Reglur Akraneskaupstaðar um notendasamninga**

Drög að reglum um notendasamninga hefur farið til umsagnar í Notendaráði. Notendaráð gerir tillögur að smávægilegum orðabreytingum en samþykkir að öðru leiti drög að reglum um notendasamninga.

*Kristinn Hallur Sveinsson formaður sat ekki fundinn undir þessu máli. Ívar Orri Kristjánsson varamaður tók sæti á fundinum undir þessu máli.*

*Afgreiðslu málsins frestað.*

**4. 2105210 - Reglur Akraneskaupstaðar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks**

Drög að reglum um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks hefur verið vísað til Notendaráðs. Notendaráð samþykkir fyrir sitt leiti fyrirbyggjandi drög um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.

*Kristinn Hallur Sveinsson formaður sat ekki fundinn undir þessu máli. Ívar Orri Kristjánsson varamaður tók sæti á fundinum undir þessu máli.*

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að reglum Akraneskaupstaðar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks og vísar til afgreiðslu hjá bæjarstjórn.*

*Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að reglurnar taki gildi á árinu 2021.*

**5. 2105093 - Reglur Akraneskaupstaðar um stuðnings- og stoðþjónustu**

Drög að reglum um stuðnings- og stoðþjónustu hefur verið vísað til umsagnar hjá Notendaráði og Öldungaráði.

Málið var tekið fyrir á sameiginlegum fundi Notendaráðs og Öldungaráðs. Ráðin leggja til smávægilegar orðabreytingar. Ráðin lýsa ánægju sinni á fyrirbyggjandi drögum og þeirri vinni sem liggur í að samþætta eldri reglur.

*Kristinn Hallur Sveinsson formaður sat ekki fundinn undir þessu máli. Ívar Orri Kristjánsson varamaður tók sæti á fundinum undir þessu máli.*

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að reglum Akraneskaupstaðar um stuðnings- og stoðþjónustu og vísar þeim til afgreiðslu hjá bæjarstjórn.*

**6. 2104259 - Reglur Akraneskaupstaðar um NPA**

Drög að reglum um NPA hefur verið vísað til umsagnar hjá Notendaráði. Notendaráð samþykkir fyrir sitt leiti fyrirbyggjandi drög að reglum um NPA.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að Reglum Akraneskaupstaðar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) fyrir fatlað fólk og vísar þeim til afgreiðslu hjá bæjarstjórn.*

**7. 2101007 - Fundargerðir 2021 - notendaráð um málefni fatlaðra**

Lögð fram til kynningar 8. fundargerð Notendaráðs málefna fatlaðs fólks.

*Lagt fram til kynningar.*

**8. 2102013 - Fundargerðir 2021 - öldungaráð**

Fundargerðir 10, 11 og 12 lagðar fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti. KHS, AÞÞ, EB, ÍOK, SK og SH.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30.**